

samningurinn hafi öðlast gildi gagnvart Íslandi. Ákvæði 5. gr., 7. gr. og n-liðar 9. gr. öðlast ekki gildi fyrr en breytingar, sem gerðar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000, hafa öðlast gildi og ráðherra birtir auglýsingu um að breytingarnar hafi öðlast gildi gagnvart Íslandi.

Ef annað er ekki tiltekið í 3. mgr. gilda lög þessi um einkaleyfisumsóknir þar sem umsóknardagur hefur verið ákvarðaður fyrir gildistöku laga þessara, sem og einkaleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 4. gr. laga þessara tekur til alþjóðlegra einkaleyfisumsókna þar sem þrjátíu mánaða frestur til yfirfærslu, talið frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi, rennur út við gildistöku laga þessara eða síðar enda hafi þær ekki verið yfirfærðar á þeim tíma.

Gjört á Bessastöðum, 1. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Lokamálsliður orðast svo: Vörumerki skulu birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Breyting á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 69. gr. laganna kemur ný grein, 69. gr. a, sem orðast svo:

Allar auglýsingar og tilkynningar af hálfu Einkaleyfastofunnar, sem kveðið er á um í lögum þessum og birtar skulu almenningi, eru birtar í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 1. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG**um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Skráin tekur til smitsjúkdóma, ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og sýklalyfjanotkunar, sbr. 3. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum.
- b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.

2. gr.

Á eftir 2. tölul. 5. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.